



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 31/2023

Sala Líflands ehf. á vörum með íslenska fánanum.

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Líflands ehf., dags. 11. janúar 2023, var vísað til ábendingar sem hafði borist stofnuninni vegna sölu verslunarinnar á vörum sem seldar eru undir heitinu ISI-PACK og eru umbúðirnar merktar með íslenskri fánarönd. Í bréfi Neytendastofu var tekið fram að það væri mat stofnunarinnar að umbúðirnar kynnu að brjóta gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og taldi Neytendastofa að ákvæði 5. gr., 8. gr., 9. gr. og 14. gr. framangreindra laga kæmu til álita við athugun Neytendastofu á málinu og við mat á því hvort umbúðir varanna væru villandi gagnvart neytendum. Á grundvelli 1. og 2. mgr. 20. gr. laganna krafðist Neytendastofa upplýsinga um hver væri framleiðandi og innflutningsaðili ofangreindra vara og af hverjum félagið keypti vörurnar. Þá óskaði stofnunin eftir athugasemdum eða skýringum sem félagið kynni að hafa vegna erindisins.

Ekkert svar barst við bréfi Neytendastofu og var erindið ítrekað með bréfi, dags. 10. febrúar 2023. Ekkert svar barst og var erindi stofnunarinnar enn ítrekað með bréfi, dags. 14. mars 2023. Í því bréfi var vakin athygli á heimildum stofnunarinnar til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki og beita dagsektum vegna brota á ákvæðum laga nr. 57/2005. Þá var tekið fram að stofnunin hefði heimild til að leita lögbanns til að vernda heildarhagsmuni neytenda.

2.

Svar Líflands barst stofnuninni með tölvupósti, mótt. 20. mars 2023. Í svari félagsins kom fram að umræddar vörur væru keyptar af heildverslun Ásbjarnar Ólafssonar ehf. Vörurnar væru seldar undir heitinu ISI-PACK og væru m.a. hóffylliefni sem væri sérstaklega þróað fyrir íslenska hestinn. Félagið geri ráð fyrir að íslenska fánaröndin sé notuð í þeim tilgangi að aðgreina þetta efni frá öðrum sem ekki séu sérstaklega ætluð íslenska hestinum. Það sé þó ekki í verkahring Líflands að svara fyrir hönd framleiðanda eða innflytjanda. Þá sé óskað eftir upplýsingum um hvort félagið þurfi að taka ISI-PACK vörur úr sölu, þá verði það gert umsvifalaust.



3.

Svarpósti Líflands var svarað með tölvupósti Neytendastofu, sendum 20. mars 2023. Þar var tekið fram að stofnunin hafi ekki tekið ákvörðun í málinu og geti því ekki farið fram á að umræddar vörur verði teknar úr sölu, að svo stöddu. Því beri þó að halda til haga að samkvæmt þeim lögum og reglum sem gildi um notkun íslenska fánans eða eftir atvikum fánarandar megi ekki notast við fánann nema varan sé framleidd úr innlendu hráefni eða framleidd hér á landi úr erlendu hráefni en hafi fengið næga aðvinnslu hér á landi.

4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 20. mars 2023, til Ásbjarnar Ólafssonar ehf., var félaginu tilkynnt um ábendingu sem stofnuninni hafði borist er laut að sölu á vörum ISI-PACK hér á landi. Í bréfinu var óskað eftir upplýsingum um hver sé framleiðandi og innflutningsaðili umræddra vara ásamt því að óskað var eftir upplýsingum um af hverjum félagið kaupir vörunar. Þá var félaginu gefinn kostur á að koma að athugasemdum eða skýringum sem félagið kynni að hafa vegna erindisins.

5.

Svar barst Neytendastofu með tölvupósti, mótt. 27. mars 2023. Í svari Ásbjarnar Ólafssonar ehf. kom fram að framleiðandi umræddra vara væri ISI-PACK B.V. sem væri hollenskt félag en það félag væri jafnframt það félag sem Ásbjörn Ólafsson ehf. kaupir vörunar af. Þá væri Ásbjörn Ólafsson ehf. innflutningsaðili varanna.

6.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 27. júní 2023, til Lífalands, var upplýst um samskipti stofnunarinnar og Ásbjarnar Ólafssonar ehf. og tilteknar þær upplýsingar sem þar höfðu komið fram. Í bréfinu kom fram að um væri ræða vörur sem framleiddar væru að öllu leyti í Hollandi, seldar undir heitinu ISI-PACK og umbúðirnar merktar með íslenskri fánarönd. Líkt og fram hafi komið í fyrri bréfum stofnunarinnar sé það mat stofnunarinnar að umbúðirnar kunni að brjóta gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 og telji Neytendastofa að ákvæði 5. gr., 8. gr., 9. gr. og 14. gr. framangreindra laga komi til álita við mat á því hvort umbúðir varanna væru villandi gagnvart neytendum. Þá komi að mati Neytendastofu til álita að beita ákvæðum laga nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið, en í þeim lögum sé að finna ákvæði sem fjalli um heimild fyrirtækja til notkunar íslenska fánans í markaðssetningu. Í 3. mgr. 12. gr. komi fram að fyrirtækjum sé heimilt að nota hinn almenna þjóðfána, m.a. á umbúðir, sé sú vara sem á í hlut íslensk og fánanum ekki óvirðing gerð. Í bréfinu var ákvæðum a. og b. liðar 4. mgr. 12. gr. sömu laga einnig gerð skil. Þá sé það álit Neytendastofu að þar sem Lífland sé smásöluaðili umræddra vara sé rétt að beina erindi stofnunarinnar til félagsins.

Með vísan til alls framangreinds fari Neytendastofa fram á að félagið upplýsi um afstöðu sína til ofangreinds erindis stofnunarinnar og þá hvort félagið hyggist bregðast við erindinu. Athugasemdir og/eða skýringar sem félagið kunni að hafa vegna málsins verði að hafa



borist Neytendastofu innan tveggja vikna frá dagsetningu erindisins. Að þeim tíma liðnum megi gera ráð fyrir að stofnunin taki ákvörðun í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Þá vakti stofnunin athygli á heimildum stofnunarinnar til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki og beita dagsektum vegna brota á ákvæðum laga nr. 57/2005. Þá hafi stofnunin heimild til að leita lögbanns til að vernda heildarhagsmuni neytenda. Neytendastofa geti fengið lagt lögbann við athöfn ef hætta sé á að háttsemin skaði verulega heildarhagsmuni neytenda og engin önnur skilvirk leið sé fyrir hendi til að stöðva brot gegn ákvæðum II.–VII. kafla laga nr. 57/2005.

Ekkert svar barst við bréfi Neytendastofu.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur að sölu Líflands ehf. á vörum þar sem umbúðir umræddra vara eru skreyttar broti úr íslenska fánanum. Um er að ræða m.a. hóffylliefni fyrir hesta sem framleitt er af hollensku fyrirtæki í Hollandi úr erlendum hráefnum. Undir rekstri málsins kom fram að innflytjandi varanna væri heildverslun Ásbjarnar Ólafssonar ehf. en smásöluaðili Lífland ehf.

Með vísan til framangreinds beindi Neytendastofa erindi til Líflands þar sem tekið var fram að stofnunin telji að ákvæði 5. gr., 8. gr., 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, komi til álita við mat á því hvort umbúðir varanna séu villandi gagnvart neytendum. Undir rekstri málsins taldi Neytendastofa rétt að taka til athugunar hvort að í merkingum umræddra vara fælist brot gegn ákvæðum laga nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið, og tiltók því í bréfi til Líflands, dags. 27. júní 2023, að stofnunin telji jafnframt koma til álita að beita ákvæðum 3. og 4. mgr. 12. gr. framangreindra laga.

Lífland hefur ekki tekið afstöðu til málsins þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða.

Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.



Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða samkvæmt ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í b. lið 1. mgr. 9. gr. segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

„helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar [...]“

Ákvæðið felur ekki í sér skyldu til að tilgreina uppruna vöru en leggur bann við því að neytendum séu veittar villandi eða rangar upplýsingar um uppruna hennar.

Í lögum nr. 34/1944 er að finna ákvæði sem fjalla um heimild fyrirtækja til notkunar íslenska fánans í markaðssetningu. Í 3. mgr. 12. gr. laganna kemur fram að fyrirtækjum sé heimilt að nota hinn almenna þjóðfána, m.a. á umbúðir, sé vara sú sem á í hlut íslensk og fánanum ekki óvirðing gerð. Í 4. mgr. 12. gr. segir síðan að vara telst íslensk ef hún er:

*„a. framleidd hér á landi úr innlendu hráefni,
b. framleidd hér á landi úr innfluttu hráefni að hluta eða öllu leyti, enda hafi hún hlotið nægilega aðvinnslu hérlendis.“*

3.

Í máli þessu liggur fyrir að hollenskt félag, ISI-PACK B.V., framleiðir og selur hóffylliefni sem sérstaklega er hannað fyrir íslenska hestinn og eru umbúðir varanna skreyttar broti úr íslenska fánanum. Neytendastofa hefur ekki heimild til að beita sér gegn erlendu fyrirtæki vegna sölu eða framleiðslu vara erlendis. Sala umræddra vara hér á landi fellur hins vegar undir lögsögu og valdsvið Neytendastofu og verða vörur sem markaðssettar eru og seldar hér



á landi að uppfylla skilyrði laga nr. 34/1944 ásamt því að sala á vörum sem fer gegn ákvæðum framangreindra laga getur falið í sér brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005.

Líkt og að ofan greinir tók Neytendastofa til athugunar hvort að í merkingum á umræddum vörum fælist brot gegn ákvæðum laga nr. 34/1944. Útlit umbúðanna er þannig að vinstra megin á framhlið, við hliðina á heiti varanna, er að finna brot af einhverri hlið þjóðfánans að því er virðist í nákvæmum hlutföllum af bláum, hvítum og rauðum eins og um sé að ræða enda á krossi þjóðfánans. Telur stofnunin því frekar um að ræða brot úr þjóðfána Íslendinga frekar en fánarönd enda benda hlutföll, staðsetning og útfærsla merkinganna til þess að um sé að ræða beina tilvísun til þjóðfána Íslendinga þrátt fyrir að aðeins sé notað brot úr honum og því er það mat stofnunarinnar að ákvæði laga nr. 34/1944 eigi við í málinu.

Með gagnályktun út frá ákvæði 3. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1944 er ljóst að fyrirtækjum er óheimilt að nota íslenska fánann eða brot úr honum, á söluvarning, umbúðir eða í auglýsingu vöru eða þjónustu ef varan er ekki íslensk. Samkvæmt 4. mgr. sömu greinar telst vara íslensk ef hún er framleidd hér á landi úr innlendu hráefni eða framleidd hér á landi úr innfluttu hráefni, að hluta eða öllu leyti, enda hafi hún hlotið nægilega aðvinnslu hérlendis. Af gögnum málsins verður ráðið að vörur ISI-PACK uppfylla hvorugt framangreindra skilyrða og fer notkun þjóðfána Íslendinga í merkingu á vörununum því í bága við framangreind ákvæði laga nr. 34/1944.

Þá kemur til skoðunar hvort notkun brots úr þjóðfáanum hafi falið í sér viðskiptahætti sem gætu talist brot gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005. Ákvæði b. liðar 1. mgr. 9. gr. framangreindra laga er innleiðing á b. lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2005/29. Í ákvæði tilskipunarinnar er sérstaklega tekið fram að bannið varði villandi upplýsingar um m.a. landfræðilegan og viðskiptalegan uppruna auglýstrar vöru. Í máli þessu liggur fyrir að á framhlið umbúða umræddra vara er að finna brot úr íslenska fánanum, sett fram með áberandi hætti. Eins og umbúðir varanna eru uppsettar gefur framhlið þeirra til kynna að um íslenska vöru sé að ræða, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1944, enda leiðir að mati Neytendastofu notkun á þjóðfáanum eða litum og/eða litasamsetningu sem veita hinum almenna neytanda þau hughrif að um þjóðfánann sé að ræða, til þess að neytendur megi ganga út frá því að varan sé íslensk. Við ákvörðun um kaup hefðu neytendur þ.a.l. réttilega mátt álykta sem svo að um íslenska vöru væri að ræða. Þegar lagt er heildarmat á útlit umbúðanna og með hliðsjón af öllu framangreindu telur stofnunin að með því að hafa brot úr þjóðfána Íslendinga á áberandi stað á framhlið umbúðanna voru neytendum veittar rangar upplýsingar um helstu einkenni vörunnar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Þá kemur fram í 2. másl. 1. mgr. 8. gr. að viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði III. kafla laganna séu alltaf óréttmætir.

Með því að bjóða til sölu vörur þar sem umbúðir eru merktar broti úr þjóðfána Íslendinga, með áberandi hætti, á framhlið umbúða fyrir vörur ISI-PACK hefur Lífland þ.a.l. brotið gegn



1. mgr. 8. gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, ásamt 3. mgr., sbr. 4. mgr., 12. gr. laga nr. 34/1944.

Telur Neytendastofa rétt, með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, að banna Líflandi að viðhafa framangreinda viðskiptahætti og þ.a.l. að banna félaginu að selja umræddar vörur. Neytendastofa telur ekki tilefni til að grípa til annarra stjórnvaldsúrræða gagnvart Líflandi að svo stöddu.

III.

Ákvörðunarorð:

„Lífland ehf., Brúarvogi 1-3, 104 Reykjavík, er óheimilt að bjóða til sölu vörur ISI-PACK, sem merktar eru broti úr þjóðfána Íslendinga, á grundvelli 3. mgr., sbr. 4. mgr., 12. gr. laga nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið.

Lífland ehf., Brúarvogi 1-3, 104 Reykjavík, hefur með því að bjóða til sölu vörur ISI-PACK, sem merktar eru broti úr þjóðfána Íslendinga, brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Líflandi ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti og að selja vörur ISI-PACK, sem merktar eru broti úr þjóðfána Íslendinga. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 5. september 2023

Pórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir